

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Langanesbyggðar, nr. 10/2019, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. samþykktarinnar:

Á eftir 4. mgr. 8. gr. koma fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Ef meirihluti sveitarstjórnar samþykkir og sérstakar aðstæður eru uppi í samfélaginu, sem gera sveitarstjórnarmönnum ekki kleift að hittast, er heimilt að halda sveitarstjórnarfundi með rafrænum hætti þannig að allir sveitarstjórnarmenn taki þátt með rafrænum hætti. Fundi í byggðarráði og nefndum sveitarfélagsins er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti fulltrúa eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Sveitarstjórnarmönnum er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum á vegum sveitarfélagsins, sbr. 5. mgr. Þegar sveitarstjórnarmenn taka þátt í fundi með rafrænum hætti skulu þeir vera staddir í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og sveitarstjórnarmenn skv. 6. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

2. mgr. 15. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Um ritun fundargerða skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 16. febrúar 2022.

F. h. innviðaráðherra,

Guðni Geir Einarsson.

Hafðís Gísladóttir.